

KLIFUR

SJÁLFSBJÖRG LANDSSAMBAND HREYFIHAMLAÐRA



TÍMARIT
SJÁLFSBJARGAR 2023

WWW.SJALFSBJORG.IS
SJÁLFSBJÖRG LSH
HÁTÚNI 12
105 REYKJAVÍK



Römpum upp Ísland

Ramparnir orðnir 800 um land allt

Ný viðbygging við Grensás

Aðstaða Grensásdeildar stórbætt

NPA fyrir börn undir 18 ára

Réttur barna til NPA ótvíræður

Öflug þjónusta við fötluð börn

Viðtal við Ágúst Garðarsson

INGA BJÖRK MARGRÉTAR BJARNADÓTTIR

Doktorsnám Ingu Bjarkar við HÍ fjallar um
margvíslegar hindranir og áskoranir fatlaðs
fólks í stafrænu samfélagi

Láttu ekkert stoppa þig



VELA Sango slimline (MWD)

Nettur og sveigjanlegur rafdrifinn hjólastóll með frábærum aksturseginnleikum. Hentar til notkunar inni og úti. Stóllinn er 53 cm breiður og með 48,5 cm snúningsrádius, sem gerir notandanum kleift að athafna sig í þröngum rýmum. Hæð og bakhalli er stillt á einfaldan hátt með fjarstýringu í armi.



Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir
Mynd: Bjarney Lúðvíksdóttir

Klifur - Tímarit Sjálfsbjargar

Útgefandi: Sjálfsbjörg Ish
Hátúni 12, 105 Reykjavík
+354 550 0360
info@sjalfsbjorg.is
www.sjalfsbjorg.is

Framleiðsla og auglýsingar:
Finnsson & Co

Ritstjóri:

Páll Tómas Finnsson
palltomas@finnsson.dk

Ábyrgðarmaður:

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir
margret@sjalfsbjorg.is

Forsíðumynd:

Jón Hrói Finnsson
Prentun: Prentmet Oddi
ISSN 1670-312X

4 Stuttar fréttir

Gott aðgengi, nýr skrifstofustjóri, stefnumótun Sjálfsbjargar og rafrænn landsfundur í september.

6 Stafrænt aðgengi

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir segir frá hindrunum og áskorunum fatlaðs fólks í stafrænu samfélagi.

12 Ný viðbygging við Grensás

Langþráð viðbygging við Grensás-deild Landspítala mun gjörbreyta allri aðstöðu til endurhæfingar.

16 Réttur barna til NPA

Rúnar Björn Herrera Porkelsson fer yfir úrskurð sem slær því föstu að börn eigi fullan rétt á NPA.

LEIÐARI FORMANNS SJÁLFSBJARGAR

Árangursríkt starfsár er að baki og spennandi tímar framundan. Miklar breytingar hafa átt sér stað á skrifstofu landssambandsins, en með þeim munum við geta uppfyllt enn betur hlutverk okkar sem hagsmunasamtök hreyfihamlaðs fólks. Það er mikill kraftur meðal félagsmanna og ómetanlegt að vinna saman þvert um landið.

Forsíðuviðtalið í Klifri í ár er við hina mögnuðu baráttukonu Ingu Björk Margrétar Bjarnadóttur, sem hefur staðið sig einstaklega vel í réttinda-baráttu fatlaðs fólks og annarra minnihlutahópa. Inga Björk hóf nýlega doktorsnám við Háskóla Íslands þar sem rannsóknir hennar fjalla um áskoranir fatlaðs fólks í stafrænu samfélagi. Önnur öflug kona, Rannveig Traustadóttir, prófessor emerita við Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, veitir okkur innsýn í norræna fræðasamstarfið í fötlunarfræði.

Þá fjllum við um réttindi fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra. Ágúst Bjarni Garðarsson alþingismaður hefur ánægjulega sögu af segja af þjónustu við fötluð börn á Íslandi, og einnig förum við yfir niðurstöðu úrskurðarnefndar velferðarmála sem slær því föstu að börn undir 18 ára eigi rétt á NPA til jafns við aðra. Við segjum frá verkefninu Allir með, sem hefur að markmiði að auka þátttöku fatlaðs fólks innan íþróttahreyfingarinnar, og fjllum um aukna notkun hjálparhunda meðal fatlaðs fólks á Íslandi.

Við tökum að sjálfsögðu stöðuna á Römpum upp Ísland, sem nú hefur gert yfir 800 rampa um land allt, og bíðum spennit eftir fréttum af hugsanlegri útrás verkefnisins til Evrópu. Þá má lesa um fyrstu aðgengilegu bensínstöðina á Íslandi í blaðinu, sjálfsafgreiðslustöð Orkunnar í Suðurfelli.

Við hjá Sjálfsbjörg lýsum yfir mikilli ánægju með fyrirhugaðar framkvæmdir við Grensásdeild Landspítala sem fjallað er um í tímaritinu. Fjöldi félaga í Sjálfsbjörg hefur notið góðs af þjónustu deildarinnar og oft hefur verið minnst á að aðstaðan hæfi alls ekki stórkostlegu starfi starfsfólksins. Við fögnum því nýrri viðbyggingu sem nú er á teikniborðinu.

Aldrei hafa borist jafn margar beiðnir um ráðgjöf varðandi aðgengi, jafnt frá stærri sem minni fyrirtækjum, og gleður það okkur mikið. Þegar við vinnum saman, þá náum við árangri!

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

formaður Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra

18 Aukin notkun hjálparhunda

Félagið Hjálparhunda Íslands hefur þróað staðlað mats- og vottunarferli fyrir hjálparhunda.

22 Góð þjónusta við fötluð börn

Ágúst Bjarni Garðarsson segir frá reynslu sinni og fjölskyldu sinnar af þjónustunni við fötluð börn.

26 Fatlað fólk og íþróttir

Allir með miðar að aukinni þátttöku fatlaðs fólks í íþróttum. Valdimar Smári Gunnarsson er verkefnisstjóri.

28 Norrænt fræðasamstarf

Rannveig Traustadóttir prófessor í fötlunarfræði segir norrænt fræðasamstarf ómissandi.

32 Ramparnir orðnir 800

Römpunum á vegum Römpum upp Ísland fjölga stöðugt, ekki síst á landsbyggðinni.

36 Aðgengileg bensínstöð

Orkan í Suðurfelli er fyrsta bensínstöðin á landinu sem er að fullu aðgengileg hreyfihömluðum.

38 Upplýsingar um starfsemina

Upplýsingar um Sjálfsbjörg og Kjark endurhæfingu, sem er nýtt heiti Sjálfsbjargarheimilisins.

Fréttir



Bakland að Lágafelli tekur við merki Góðs aðgengis. Frá hægri: Porkell Steindal, Sæunn Þóra og Halldór Áki eigendur Baklands, og Margrét Lilja, formaður Sjálfsbjargar.

Mynd: Bjarney Lúðvíksdóttir

Gott aðgengi komið vel af stað

Gott aðgengi í ferðapjónustu, sem er samstarfsverkefni Ferðamálastofu, Sjálfsbjargar, ÖBÍ og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, er komið vel af stað. Tilkynnt var um fyrstu fyrirtækin sem hlutu merki verkefnisins í sumar, en það voru baðlónið Sky Lagoon á Kársnesi í Kópavogi, Bakland að Lágafelli, sem býður upp á aðgengilega sveitagistingu á Suðurlandi, og gistiheimilin Loft Hostel og Dalur Hostel í Reykjavík.

Fyrirtækin sem hljóta merki verkefnisins hafa öll farið í gegnum ítarlegt sjálfsmat, sem byggir á sérstökum gátlistum verkefnisins um aðgengismál, og gert nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla viðmið Góðs aðgengis. Sjálfsbjörg óskar fyrirtækjunum til hamingju með áfangann. Við viljum jafnframt hvetja aðra ferðapjónustuaðila til að taka þátt í verkefninu og stuðla þannig að bættu aðgengi og upplýsingagjöf í ferðapjónustu á Íslandi.

Nýr skrifstofustjóri

Sigríður Agnes Sigurðardóttir hefur verið ráðin skrifstofustjóri Sjálfsbjargar og hóf hún störf hjá samtökunum 1. september síðastliðinn. Sigríður er löggiltur fasteignasali og hefur starfað hjá Lind fasteignasölu undanfarin tíu ár. Hún er með BA í sagnfræði og listfræði frá Háskóla Íslands og lauk MBA námi árið 2020, einnig frá Háskóla Íslands. Sjálfsbjörg býður Sigríði hjartanlega velkomna til starfa.

Hjálpartækjaleigunni lokað

Stjórn Sjálfsbjargar hefur ákveðið að loka hjálpartækjaleigu samtakanna í tengslum við skipulagsbreytingar og hagræðingu í starfseminni. Við bendum félagsmönnum og öðrum á að leita til www.mobility.is varðandi leigu á hjólastólum og öðrum hjálpartækjum.

Áramótahappdrætti Sjálfsbjargar 2023

Að venju verður dregið í áramótahappdrætti Sjálfsbjargar 31. desember 2023. Happdrættið er ein mikilvægasta fjáröflunarleið samtakanna. Miðaverð er 3.590 krónur og eins og undanfarin ár verður fjöldi glæsilegra vinninga í boði. Endanleg vinningaskrá mun birtast á heimasíðu Sjálfsbjargar, www.sjalfsbjorg.is, á næstu vikum.

Allur ágóði af happdrættinu rennur óskertur til baráttu Sjálfsbjargar fyrir bættu aðgengi og mannréttindum fatlaðs fólks. Allir vinningar eru skattfrjálssir.

Fundur formanna og framkvæmdastjórnar

Formenn aðildarféлага Sjálfsbjargar um land allt funduðu ásamt framkvæmdastjórn landssambandsins í Reykjavík 26.-27. ágúst síðastliðinn.

Á fundinum voru lögð drög að nýrri stefnu félagsins og framtíðarverkefnum í kjölfar breyttra aðstæðna fatlaðs fólks í samfélaginu. Breytingarnar verða kynntar félagsmönnum Sjálfsbjargar á næstu mánuðum og þá verður fjallað ítarlega um þær í næsta tölublaði Klifurs.

Rafrænn landsfundur í september

Dagskrá landsfundar Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra, sem fara átti fram í lok apríl, var frestað. Helgina 23.-24. september verður því haldinn rafrænn landsfundur þar sem kynnt verður skýrsla stjórnar um starfsemi Sjálfsbjargar, endurskoðaður ársreikningur, fjárhagsáætlun næstu tveggja ára og skýrslur aðildarféлага. Þá verður tekin ákvörðun um árgjald næsta árs, kosið um lagabreytingar og ályktað um helstu stefnu- og baráttumál samtakanna. Fundurinn hefst klukkan 11.00 og stendur til klukkan 15.00 báða daga.

Kosningar á landsfundi

Á landsfundinum verður kosið í embætti varaformanns, ritara og varamanns í stjórn Sjálfsbjargar. Einnig verða kosnir þrjár fulltrúar í kjörnefnd, tveir fulltrúar í laganefnd og einn fulltrúi í stjórn Hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar.

Öll gögn um landsfundinn og dagskrá hans má nálgast á heimasíðu Sjálfsbjargar, www.sjalfsbjorg.is.

Takk fyrir stuðninginn!

A. Margeirsson

Aðalvík

ÁF-Hús

Akureyrarbær

Ágluggar JG

Apótek Vesturlands

Arkís arkitektar

Arkitektastofan OG

ASK arkitektar ehf

Atlantik ehf

Atorka ehf - verktakar og vélaleiga

Baldur Halldórsson

Bella Donna - verslun

Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar

Bifreiðaverkstæðið Klettur

Bílaleigan Geysir

Bílamálun Sigursveins

Bílar og vélar

Bókasafn Vestmannaeyja

Bókráð bókhald og ráðgjöf

Bolungarvíkurkaupstaður

Bortækni

Bruggsmiðjan Kaldi

Brúskur hárstofa

BSI bifreiðaverkstæði

BSRB

Dacoda

Dalvíkurbyggð

dk hugbúnaður

Dverghamrar

E.G. Jónasson

Eldhestar

Elektrus

Endurhæfingarstöðin

Endurskoðun Vestfjarða

ENNEMM auglýsingastofa

Exton

Fasteignasalan Torg

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi

Félag sjúkrapjálfa

Félag skipstjórnamanna

Fjarðarmót ehf

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Fjörukráin - Hótel Víking

Framrás

Framsóknarfélag Árnassýslu

Gaflarar rafverktakar

Geir ehf



Mynd: Jón Hrói Finnsson

„Við þurfum að tryggja að stafræn þróun verði framþróun fyrir alla“

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir hefur stimplað sig inn meðal helstu málsvara jafnræðis og réttinda fatlaðs fólks og annarra jaðarsettra hópa í samfélaginu og hlaut nýlega aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir öflugt starf sitt. Hún er nú í doktorsnámi við HÍ, en þar fjalla rannsóknir hennar um margvíslegar áskoranir fatlaðs fólks í stafrænu samfélagi, til dæmis hvað varðar aðgengi að rafrænum skilríkjum.

Réttindabaráttu frá unga aldri

„Foreldrar mínir lögðu snemma áherslu á að ég væri virk í öllum málum. Ég fékk því strax góða reynslu í því að vera minn eigin talsmaður og tala fyrir réttindum fatlaðs fólks,“ segir Inga Björk, en hún hefur verið í hjólastól alla ævi vegna SMA taugahrörnunarsjúkdómsins. „Ég hef því staðið í réttindabaráttu frá því að ég var krakki.“

Inga Björk er menntaður listfræðingur en fann fljótt fyrir mikilli eftirspurn eftir sinni persónulegu reynslu og þekkingu. Hún hefur því haldið fjölda fyrirlestra, sinnt fræðslu og ráðgjöf um líf og réttindi fatlaðs fólks og verið áberandi í opinberri umræðu. Síðastliðin fjögur ár hefur hún starfað hjá Landssamtökunum Proskahjálp, fyrst sem upplýsinga- og kynningarfulltrúi og síðar sem sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks.

„Proskahjálp eru spennandi samtök vegna áherslunnar á þennan jaðarsetta hóp fatlaðs fólks, sem er fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir. Ég hef mjög mikinn áhuga á réttindum þeirra sem eiga erfitt með að tala eigin máli, hvort sem er vegna fötlunar eða fordóma í samfélaginu,“ segir Inga Björk.

Stafræna þróunin afturför fyrir fjölda fólks

Inga Björk segir starfið hjá Proskahjálp hafa gefið henni fjölbreytt tækifæri til að stuðla að alvöru umbótum í samfélaginu. Hún nefnir sem dæmi gott samstarf við lögregluna, en hún gegnir mikilvægu hlutverki í ýmsum flóknum og viðkvæmum málum í velferðarkerfinu. Þá fór fljótt að bera á vandkvæðum fatlaðs fólks í tengslum við innleiðingu raf-rænna skilríkja.

„Við eigum að nýta tæknina til að gefa fötluðu fólki tækifæri til að sjá um sín mál sjálfst í stað þess að leggja viðkvæmar upplýsingar og ákvarðanir um daglegt líf í hendur annarra.“

„Fljótlega eftir að ég hóf störf fóru að berast inn á borð til mín mál sem sneru að rafrænum skilríkjum og stafrænni þjónustu sem fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir hafði ekki aðgang að. Þar með var brotið alvarlega á réttindum þess.“

Það er auðvelt að finna dæmi þess að takmarkanir á aðgengi að rafrænum skilríkjum hafi víðtækar og alvarlegar afleiðingar. Þar má nefna mann með þroskahömlun sem hugðist kaupa sér íbúð en þurfti að bíða í meira en þrjá mánuði eftir því að bankinn afgreiddi lánið til kaupanna þar sem hann var ekki með rafræn skilríki. Annað dæmi er kona sem gat ekki nálgast niðurstöður úr krabbameinsskoðun þar sem hún komst ekki inn á Heilsuveru.

„Í fullkomnum heimi væri þessi stafræna þjónusta viðbót við almenna góða þjónustu, en tilhneigingin er hins vegar önnur. Við höfum séð fjölmörg dæmi þess að með tilkomu stafrænnar þjónustu verði aðrir valkostir lélegri og óskilvirkari eða hverfi jafnvel með öllu. Það er ekki nóg með að fólk missi af stafrænu þjónustunni, sem eykur skilvirkni og sparar tíma, heldur fer sú þjónusta sem það er vant líka versnandi.“

Inga Björk hóf doktorsnámið við HÍ í janúar. Hún nýtti fyrstu önnina í að greina orðræðuna um stafræna þróun út frá hugmyndum samfélagsins um fötlun og getu einstaklingsins.

„Það er litið svo á að stafræn þróun sé óhjákvæmilega framþróun. Að hún sé grundvöllur hagvaxtar og velsældar, einhvers konar drifkraftur sem við missum af ef við nýtum hann ekki. Auðvitað er það rétt að mörgu leyti, en á sama tíma þarf að staldra við og hugsa. Hvað missum við og hverjir verða eftir? Fyrir hvaða hópa er þetta afturför? Hvernig tryggjum við að jaðarsettir einstaklingar hafi enn jafnan aðgang í þessum stafræna heimi?“

Að láta líf sitt í hendur annarra

Til þess að fá rafræn skilríki þarf viðkomandi einstaklingur að geta skrifað nafnið sitt sjálfur og valið fjögurra stafa pin-númer sem notað er til auðkenningar. Þá fer fram einhvers konar huglægt mat á því hvort einstaklingurinn sé líklegur til þess að geta farið með sín eigin mál. Þeir sem ekki uppfylla skilyrðin þurfa að reiða sig á aðstoð annarra til að nýta sér rafræn skilríki og þá mikilvægu þjónustu sem þau veita aðgang að.

„Ástæðan fyrir því að reglurnar um rafræna auðkenningu eru jafn strangar og raun ber vitni er að það er mikilvægt að tryggja að einstaklingur sem skrifar undir pappíra sé í raun og veru hann sjálfur og að enginn annar geti gert það í hans nafni. Við viljum ekki að fólk geti tekið lán, undirgengist samninga eða tekið út lyf í nafni annarra,“ útskýrir Inga Björk.

Til að koma á móts við þarfir fatlaðs fólks var komið á fót svokallaðri umboðsmannagátt, sem gerir persónulegum talsmönnum fatlaðs fólks kleift að skrá sig inn með sínum eigin rafrænu skilríkjum og fá valið um að koma fram fyrir hönd umbjóðenda sinna. Enn sem komið er leysir þetta þó einungis vandann að litlu leyti, þar sem fyrirkomulagið takmarkast við stafræna pósthólfið en veitir til dæmis ekki aðgang að Heilsuveru.

„Þetta er spurning um að virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins. Við eigum að nýta tæknina til að gefa fötluðu fólki tækifæri til þess að sjá um sín mál sjálf í stað þess að leggja viðkvæmar upplýsingar og ákvarðanir um daglegt líf í hendur annarra. Þar fyrir utan eiga ekki allir rétta baklandið til að finna sér persónulegan talsmann, einhvern sem þú treystir fullkomlega og sem er tilbúinn til þess að sinna þessu ábyrgðarhlutverki í sjálfboðastarfi.“

Öryggið aldrei fullkomlega tryggt

Einn af helstu kostunum við fyrirkomulagið er rekjanleikinn, hægt er að skoða hver hefur gert hvað í kerfinu. Á móti kemur að persónulegi talsmaðurinn fær aðgang að allri þeirri þjónustu sem skilríkin veita aðgang að, þar á meðal bankareikningi viðkomandi, sem skapar ákveðna hættu á misnotkun. Þá er algengt að hreyfihamlað fólk fái aðstoð aðstandenda eða annarra við að stimpla inn pin-númer til auðkenningar.

„Einstaklingur með hreyfihömlun sem ekki hefur líkamlega getu til að slá inn pin-númer ætti samkvæmt reglugerðinni að nýta sér persónulegan talsmann. Það er þó frekar sjaldgæft, yfirleitt sýslar hreyfihamlað fólk með sín mál sjálf. Hins vegar felst ákveðið öryggi í því að einstaklingurinn hafi símann sinn til umráða og því geti enginn skráð sig inn með rafrænum skilríkjum án þess að hann sé viðstaddur.“

Inga Björk bendir á að hér séu tækifæri til að nýta þá tækni sem nú þegar er til staðar.

„Þetta mun breytast þegar hægt verður að nota aðrar þekktar auðkenningarleiðir, til dæmis fingrafar eða andlitsskanna, sem við notum nú þegar til að staðfesta greiðslur með símanum. Það myndi breyta miklu fyrir þann hóp sem getur ekki slegið inn pin-númerið sitt sjálfur eða á af einhverjum ástæðum erfitt með að leggja það á minnið.“

Þörf á öfluglu samráði frá upphafi

Inga Björk segir vandann fyrst og fremst felast í því að ekki sé tekið nægt tillit til fatlaðs fólks og annarra jaðarsettra hópa allt frá upphafi í þróun og innleiðingu tækninnar. Þarfir þeirra séu í raun eftiráhugsun í innleiðingunni. Þrátt fyrir að Evrópulöggjöfin taki skýrt fram að taka skuli mið af þörfum fatlaðs fólks í þróun stafrænna lausna hafi gengið erfiðlega að fá stjórnkerfið og tækni-fyrirtækin til þess að viðurkenna vandann.



Mynd: Jón Hrói Finnsson

„Ríki og sveitarfélög eru að leggja milljarða í stafræna þróun en það ekkert kerfi til staðar sem tryggir samráð eða sér til þess að gert sé óháð mat á afleiðingunum fyrir jaðarsetta hópa. Það þarf samhent áttak hagsmunaaðila, þeirra sem setja löggjöfina og þeirra sem þróa tæknina til þess að móta ramma um stafræna þróun og finna lausnirnar. Með því að koma á öflugum samráðsvettvangi af þessu tagi gæti Ísland orðið framúrskarandi fyrirmynd fyrir önnur lönd.“

„Það þarf samhent áttak hagsmunaaðila, þeirra sem setja löggjöfina og þeirra sem þróa tæknina til þess að móta ramma um stafræna þróun og finna lausnirnar.“

STOÐ Á NÝJUM STAÐ



Starfsemi Stoðar er flutt á Dragháls 14-16 í Reykjavík. Þar höfum við opnað nýja og glæsilega verslun með heilsu- og heilbrigðistengdum vörum og sýningarrými fyrir hjálpartæki sem á sér engan líka.

Hjartanlega velkomin í Stoð á nýjum staði!



www.stod.is

Draghálsi 14 - 16

S. 565 2885

stod@stod.is

ÁRAMÓTAHAPPDRÆTTI SJÁLFSBJARGAR 2023




**ÞINN STUÐNINGUR
SKIPTIR MIKLU MÁLI!**



Sjálfsbjörg
landssamband
hreyfihamaðra

DREGIÐ 31. DESEMBER 2023



nettó

Ný og glæsileg viðbygging við Grensásdeild á teikniborðinu

Ný viðbygging við Grensásdeild Landspítala mun gjörbreyta þar allri aðstöðu til endurhæfingar. Deildin fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í ár og hefur áunnið sér sérstakan sess í hugum þeirra fjölmörgu sem þar hafa dvalið. Húsið sem hýsir starfseminu var upphaflega hannað sem dvalarheimili og því eru breytingarnar kærkomnar og tímabærar. Gert er ráð fyrir að nýtt húsnæði verði tekið í notkun á árinu 2026.

Fyrsti viðkomustaður á erfiðum tímamótum

Viðbyggingin mun rísa vestan við núverandi aðalbyggingu Grensásdeildar og verður um 4.000 fermetrar. Í henni verður ný legudeild, glæsilegt meðferðarrými til iðju- og talþjálfunar og stórbætt aðstaða til sjúkraþjálfunar. Kostnaðurinn við bygginguna er áætlaður um 3,4 milljarðar.

„Grensásdeildin var opnuð fyrir 50 árum síðum, sem er sama ár og Vestmannaeyjagosið, og hefur alla tíð starfað í húsnæði sem var hannað sem öldrunarheimili. Á sama tíma hefur þjóðinni fjölgað um meira en helming án þess að byggt hafi verið við deildina, að frátaldri sundlaug til þjálfunar. Það hefur því lengi verið ljóst að efla þyrfti húsakost Grensásdeildar,“ segir Guðrún Pétursdóttir, formaður Hollvina Grensásdeildar.

Grensásdeild Landspítala gegnir afar mikilvægu hlutverki í heilbrigðiskerfinu. Deildin sinnir frumendurhæfingu fólks sem hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum vegna slysa eða sjúkdóma, þar með talið öllum mænu-sköðum á landinu, öllum þeim sem missa útlími og fólki sem glímir við afleiðingar heilablóðfalls. Þá hefur Grensás í auknum mæli sinnt sjúklingum sem lifað hafa af erfiða gjörgæslulegu og eru með lamanir og aðrar aukaverkanir af langri legu.

„Það tekur heilmikið á að sætta sig við nýjan veruleika og læra að lifa með skertri getu og fötlunum,“ segir Sigríður Guðmundsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri á Grensásdeild. „Hér starfa sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar, lækningar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar, auk félagsráðgjafa, sálfræðinga og taugasálfræðinga. Það er því öflugt teymi sérfræðinga í kringum hvern einasta sjúkling hjá okkur.“

Mikilvægt að eiga sterka bakhjarla

Hollvinir Grensáss hafa gegnt mikilvægu hlutverki í uppbyggingu Grensásdeildarinnar og safnað veglegum fjárframlögum frá þjóðinni til þess að bæta þar tækjakost og aðbúnað sjúklinga. Að sögn Guðrúnar eru framlög einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka ómissandi viðbót við fjármögnun ríkisins.

„Það hefur sýnt sig hversu mikilvægt það er fyrir stofnanir eins og Grensás að eiga sterka bakhjarla. Við getum brugðist skjótt við þörfum deildarinnar, til dæmis ef lagður er inn sjúklingur með sértækan vanda sem krefst fjárfestingar í nýjum tækjabúnaði. Svo er hitt sem skiptir miklu máli, en það er að tala máli deildarinnar, sérstaklega gagnvart heilbrigðis- og fjármálayfirvöldum, og koma henni í forgang varðandi framkvæmdir.“

Samtökin hyggjast nýta afmælisárið vel til að afla viðbótarfjár til tækjavæðingar nýbyggingarinnar, meðal annars með landsöfnun sem fram fer 6. október næstkomandi og verður sjónvarpað á RÚV.

Hönnun nýbyggingarinnar langt komin

Guðrún segir nýbygginguna mikið fagnaðarefni. Hönnun byggingarinnar er í höndum Nordic Office of Architecture og verkfræðistofunnar Eflu í samráði við starfsfólk deildarinnar. Gert er ráð fyrir að hönnuninni verði lokið síðar á þessu ári og að framkvæmdir hefjist með haustinu.



Nýja viðbyggingin við Grensásdeild verður öll hin glæsilegasta. Mikil áhersla er lögð á falleg útisvæði sem nýtast vel til æfinga og afslöppunar.

Mynd: Nordic Office of Architecture

„Byggingin mun gjörbreyta aðstöðunni á deildinni,“ segir Eyrún Valþórsdóttir, arkitekt hjá Nordic og verkefnisstjóri arkitekta í hönnunarteyminu. „Við erum að byggja húsnæði sem er hannað sérstaklega utan um starfsemina og þar sem aðstaðan til sjúkra- og iðjuþjálfunar verður eins og best verður á kosið. Þá verður hér ný legudeild og mötuneyti og öll sameiginleg aðstaða verður bætt til muna.“

Á nýrri legudeild verða nítján einstaklingsstofur, allar með sér baðherbergi, sem er mikil breyting til batnaðar.

„Ein stærsta breytingin er sú að allir sjúklingar verða í einbýli. Í dag þurfa 80% sjúklinga að deila herbergi með öðrum, sem getur verið erfitt þar sem fólk þarf oft að vera hjá okkur í fleiri vikur eða mánuði,“ segir Sigríður. „Þá verður öll vinnuaðstaða starfsfólks mun betri en áður, ekki síst hvað varðar sjúkra- og iðjuþjálfun. Staðan í dag er sú að það er hvergi pláss fyrir ný æfingatæki, meðal annars vegna lítillar lofthæðar. Þetta verður því mikill munur fyrir þjálfunarstarfsstéttirnar.“

Eyrún segir aðgengi fyrir alla vera haft að leiðarljósi í hönnuninni, til dæmis hvað varðar umferðarleiðir og efnis- og litaval í húsinu. Þetta er mikil framför, en þótt ótrúlegt megi virðast eru salernin í núverandi húsnæði ekki öll aðgengileg fólki í hjólastól. Þá verður lögð áhersla á góða hljóðvist og lýsingu.

Fallegt útisvæði fær aukið vægi

Auk þess að fjármagna tækjabúnað hafa Hollvinir Grensáss kostað ýmsar brýnar umbætur við Grensásdeild, þar á meðal bættu aðkomu að húsinu og nýjan og sérhannaðan garð með útiaðstöðu til þjálfunar og endurhæfingar. Pétur Jónsson landslagsarkitekt hannaði garðinn.

„Við tókum skjólsælasta hluta garðsins í gegn en hann var mjög úr sér genginn og allar gangstéttarhellur meira og minna upp á kant. Hann var því í raun ónothæfur fyrir sjúklingana. Nú er garðurinn allur frábært viðbótarsvæði, bæði fyrir æfingar og til ánægju fyrir starfsfólk og sjúklinga,“ segir Guðrún. „Það skiptir miklu að umhverfið sé fallegt. Við höfum lagt áherslu á að garðar og gróður séu sjáanleg innan úr byggingunni.“



Mynd: Nordic Office of Architecture

„Byggingin, útisvæðið og umhverfið allt gegnir mikilvægu hlutverki í endurhæfingu og bataferli sjúklinganna.“

Sömu áherslur hafa verið í fyrri tölum í hönnun útisvæðisins við nýbygginguna.

„Útisvæðið verður stórbætt,“ segir Eyrún. „Það er mikilvægur hluti af meðferðinni að fólk geti farið út og æft sig á mismunandi undirlagi í fallegu umhverfi, til dæmis þau sem eru að læra að ganga upp á nýtt eða venjast því að fara um í hjólastól. Byggingin, útisvæðið og umhverfið allt gegnir mikilvægu hlutverki í endurhæfingu og bataferli sjúklinganna.“

Aðstæður sem hæfa frábæru starfi

Það má heyra á öllum þeim sem að verkefningu koma að það er mikil eftirvænting eftir nýja húsnæðinu. Grensásdeildin er þekkt fyrir öflugt og óeigingjarnt starf í þágu skjólstæðinga sinna, en því hefur gjarnan verið bætt við að starfið fari fram við óviðunandi aðstæður. Að sögn Guðrúnar Pétursdóttur birtir nú heldur betur til.

„Þarna verður næg lofthæð til þess að koma fyrir þeim tækjum sem þörf er á. Þarna verður nægilegt rými til þess að fólk hnjóti ekki hvert um annað. Þarna verður bjart og fallegt og það verður mögulegt að eiga sér einkarými í dvöl sem oft getur verið löng. Þá verður í húsinu fallegur borðsalur með verönd á mótí sól sem hægt verður að opna út á. Grensásdeildin tekur skrefið inn í 21. öldina með þessum breytingum.“



Verkur, eymsli, þroti?

Diclofenac Teva hlaup

Til staðbundinnar meðferðar útvortis á vöðvum og liðum.

Diclofenac Teva er hlaup sem inniheldur virka efnið díklófenak. Lyfið er notað útvortis við verkjum, eymslum og þroti í liðum og vöðvum vegna bólgu. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. **Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

Markaðsleyfishafi Teva B.V. Umboðsaðili er Teva Pharma Iceland ehf.

Réttur barna yngri en 18 ára til NPA ótvíræður

Nýlega sló úrskurðarnefnd velferðarmála því föstu að ekki sé hægt að neita börnum undir 18 ára aldri um notendastýrða persónulega aðstoð, NPA, á grundvelli aldurs. Úrskurður nefndarinnar tekur á ákveðnum grundvallaratriðum varðandi þjónustuformið, meðal annars rétti fatlaðs fólks til þess að velja sér aðstoðarmann við verkstjórn.

Engin lagastoð fyrir aldurstakmarki

Úrskurður nefndarinnar fjallar um ákvörðun Mosfellsbæjar um að synja umsækjanda um notendastýrða persónulega aðstoð þar sem viðkomandi hafði ekki náð 18 ára aldri, en það var eitt þeirra skilyrða sem sett var fram í sameiginlegum reglum Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps um NPA fyrir fatlað fólk. Samkvæmt úrskurðinum er hins vegar ekki lagastoð fyrir því að takmarka veitingu NPA við ákveðinn aldur.

„Það hefur borið á ákveðinni mistúlkun þar sem ekki er tekið sérstaklega fram í lögnum að NPA sé fyrir börn,“ segir Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar. „Það kom hins vegar skýrt fram í samráðsferlinu þegar verið var að móta lög. Velferðarnefnd Alþingis brást við athugasemdum umsagnaraðila um málið með nefndaráliti þar sem áréttað var að rétturinn til NPA-samninga næði til barna undir 18 ára aldri til jafns við aðra.“

Kæran til úrskurðarnefndarinnar byggði á því að í lögnum sé skýrt kveðið á um rétt fatlaðara einstaklinga með langvarandi stuðningsþarfir til NPA, og að þar sé hvergi að finna ákvæði sem takmarki rétt ákveðinna hópa til þjónustunnar, hvorki með tilliti til tegundar af fötlun, færniskerðingar né aldurs. Einnig kemur fram í kærinni að fjöldi barna um land allt sé nú þegar með NPA. Málataliðnaður Mosfellsbæjar byggði hins vegar á þeirri túlkun sveitarfélagsins að rétturinn til NPA næði ekki til ólöggráða barna og þá var einnig vísað til sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga um framkvæmd þjónustunnar.

„Það er alveg ljóst af okkar hálfu að mismunun sökum aldurs, hvort sem er gagnvart fólki yngra en 18 ára eða 67 ára og eldri,

gengur ekki upp. Það eiga allir rétt á því að móta sinn lífsstíl eftir sínum vilja,“ segir Rúnar Björn. Hann vísar hér til markmiða laganna um að þjónustan skuli miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapi því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum.

Rétturinn til aðstoðar við verkstjórn

11. grein laganna um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir fjallar sérstaklega um notendastýrða persónulega aðstoð. Þar kemur fram að skipuleggja skuli þjónustuna á forsendum notandans og undir hans verkstjórn, en eigi notandinn erfitt með að annast verkstjórnina eigi hann rétt á aðstoð.

„Aðstoðarverkstjórnin snýst ekki um að taka ákvarðanir fyrir notandann heldur að aðstoða viðkomandi við ákvörðunartöku og framkvæmd þjónustunnar í takt við vilja einstaklingsins,“ segir Rúnar. Hann nefnir sem dæmi aðstoð við að auglýsa eftir starfsfólki, starfsmannaviðtöl, skipulagningu vakta, tímaskráningu og eftirlit með fjármálum. „Þegar um er að ræða börn undir 18 ára aldri eru þessar skyldur vanalega í höndum foreldra eða forráðamanna, rétt eins og í öðrum málefnum barnsins.“

Aðstoðarverkstjórnandi ber þannig faglega ábyrgð á verkstjórninni í umboði notandans. Samkvæmt handbók félagsmálaráðuneytisins um NPA gerir fyrirkomulagið það meðal annars að verkum að fólk með þroskahömlun og geðröskun geti notið þjónustunnar þegar það á við. Rúnar segir hlutfall barna í hópi þeirra sem eru með NPA ekki hátt, en að þjónustuformið hafi mjög jákvæð áhrif á líf og sjálfstæði þeirra barna sem þess njóta.



Rúnar Björn Herrera Porkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar.

Mynd: Rúnar Björn

„Það er oft á tíðum þannig að börnin taka sjálf allar ákvarðanir um hvað þau vilja gera. Þau notendastýra þannig sínu eigin lífi, jafnvel þó að þau sjái ekki sjálf um að skipuleggja vaktir og taka fjárhagslegar ákvarðanir,“ segir Rúnar Björn. „Við sjáum að þeir einstaklingar sem fá notendastýrða persónulega aðstoð, þeir þroskast mjög hratt og öðlast mikið sjálfstæði, eiga sér fjölbreyttari áhugamál og stunda hluti sem þeir gerðu ekki áður.“

Samningur Sp bíður lögfestingar

Eins og oft áður er minnst á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í kærurni og niðurstöðu úrskurðarnefndar velferðarmála. Samningurinn hefur ekki enn verið lögfestur á Íslandi, en hins vegar er vísað í hann strax í fyrstu grein laganna um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þá lá samningurinn til grundvallar skilgreiningunni á NPA í frumvarpi til laganna á sínum tíma:

„Notendastýrð persónuleg aðstoð er þjónustuform sem byggist á hugmyndafræði um sjálfstætt líf fatlaðs fólks og er til þess fallið að tryggja mannréttindi þess samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, enda gerir það fötluðum einstaklingum kleift að ráða hvar og með

hverjum það býr. Þannig stýrir hinn fatlaði einstaklingur því hvernig aðstoðin er skipulögð, hvenær og hvar hún fer fram og hver veitir hana.“

Það er því ljóst að þrátt fyrir að samningurinn hafi ekki enn verið lögfestur hefur hann nú þegar mikla þýðingu í íslensku réttarkerfi. Rúnar Björn segir þetta einnig hafa komið skýrt fram í úrskurði Mannréttindadómstóls Evrópu í máli sem fjallaði um aðgengi að menningarstofnunum í Duushúsi í Reykjanesbæ. Málið var merkilegt fyrir þær sakir að þetta var í fyrsta skipti sem aðgengismál var tekið fyrir sem mannréttindamál.

„Það hefur farið framhjá fólki að samkvæmt Mannréttindadómstóli Evrópu ber dómstólum á Íslandi nú þegar að dæma eins og samningurinn hafi verið lögfestur,“ segir Rúnar um málið. „Sú lögfesting sem er í gangi núna snýst um að tryggja að öll íslensk lög uppfylli skilyrði samningsins. Það er mikilvægt að það verði gert vel þannig að fatlað fólk þurfi ekki að leita allra sinna réttinda í dómskerfinu og fara mögulega alla leið til Mannréttindadómstóls Evrópu til þess að fá lausn sinna mála.“

Fleira fatlað fólk nýtir sér hjálparhunda

Auður Björnsdóttir hundabjálfari og Gunnhildur Jakobsdóttir iðjubjálfi eiga stóran þátt í að auka veg hjálparhunda hér á landi. Þær komu meðal annarra að stofnun Hjálparhunda Íslands, félags sem vinnur að bættu regluverki og stöðluðu vottunarferli fyrir hundana. Notkun hjálparhunda fyrir fatlað fólk hefur aukist töluvert undanfarin ár.

Fjölbreyttur stuðningur í daglegu lífi

Auður Björnsdóttir hefur starfað sem hundabjálfari til fjölda ára og er menntuð í Noregi. Óhætt er að segja að hún sé frumkvöðull í hundabjálfun á Íslandi, en hún bjálfaði meðal annars fyrstu leiðsöguhundana sem fæddir voru hér á landi. Fyrsti hjálparhundurinn sem hún bjálfaði var Tryggur, hundur sem aðstoðaði Viðar son hennar við ýmsar athafnir daglegs lífs.

„Ég lærði upphaflega bjálfun leiðsöguhunda fyrir blinda og leitarhunda fyrir björgunar-sveitir. Í kjölfarið ákvað ég að kynna mér hjálparhundana og það varð svo til þess að ég bjálfaði hundinn fyrir Viðar. Ég notaði grunninn úr bjálfun leiðsöguhundanna og bjálfaði hann svo eftir þeirri forskrift sem ég lærði í náminu í Noregi,“ segir Auður.

Að sögn Auðar veitti hundurinn Viðari mikinn stuðning og öryggi þegar hann var yngri. Tryggur var honum mikilvægur félagsskapur og aðstoðaði hann á ýmsan hátt, hjálpaði honum að standa upp, studdi hann á göngu, opnaði dyr, kveikti og slökkti ljós, sótti dót og lét vita með gelti ef Viðar datt.

Hundarnir þurfa að hafa náð eins árs aldri og vera búnir að fara í skapgerðarmat áður en bjálfunin hefst. Auður sér um alla grunnbjálfun hundsins, sem tekur tvo til þrjá mánuði, og svo má bæta við bjálfun eftir þörfum.

„Þeir hundar sem ég hef bjálfað fyrir fólk í hjólastól eru bjálfaðir í að sækja hluti, opna dyr og hjálpa fólk úr fötum með því að toga í ermar, skálmur eða sokka, svo dæmi séu nefnd. Síðan er hægt að kenna þeim ýmislegt til viðbótar út frá þörfum hvers og eins. Það gæti til dæmis verið að sækja hjólastól og draga að rúmi eða ýta á neyðarhnapp ef eitthvað kemur uppá.“

Hundar í þágu fólks

Auður segir Ísland styttra á veg komið en nágrannalöndin þegar kemur að notkun hjálparhunda. Lagaumhverfið sé enn sem komið er ófullkomið og að engar niðurgreiðslur séu í boði frá hinu opinbera. Kveikjan að stofnun Hjálparhunda Íslands var að stuðla að bættu lagaumhverfi og stöðluðu verklagi við vottun hundanna. Þær Auður og Gunnhildur hafa verið í forsvari fyrir þróun vottunarferlisins ásamt Valgerði Stefánsdóttur.



Gunnhildur Jakobsdóttir ásamt þeim Möndlu og Skottu.

Mynd: Aðsend

„Hjálparhundar eru nefndir í ýmsum reglugerðum, til dæmis reglugerð um heilbrigði og hollustuhætti, en það er engin skilgreining á hjálparhundum í lögnum,“ segir Gunnhildur, sem er formaður félagsins. Hún starfar jafnframt sem yfiriðjuþjálfari á Æfingastöðinni, sem hefur stuðst við hunda og hesta í endurhæfingu barna og ungmenna með góðum árangri. „Við ákváðum því að fara þá leið að búa til staðlaða umgjörð um þjálfun, skapgerðarmat og vottun hjálparhunda og litum til bæði Norðurlandanna og Bandaríkjanna í þeirri vinnu.“

Gunnhildur útskýrir að hjálparhundar séu í umsjá eða eigu þess aðila sem þarfnast stuðnings, til dæmis vegna líkamlegrar fötlunar, flogaveiki, kvíða eða einhverfu. Þá eru einnig til svokallaðir merkjahundar, sem láta vita af yfirvofandi sykurfalli eða flogakasti, og heyrnarhundar, sem láta vita af hljóðum í umhverfinu sem viðkomandi þarf að bregðast við. Hundar sem aðstoða við

ákveðin störf, eins og lögreglu- og björgunarsveitarhundar, eru kallaðir þjónustuhundar, og að lokum eru það leiðsöguhundarnir, sem eru öflugt hjálpartæki fyrir blint og sjónskert fólk. Allt utanumhald um leiðsöguhunda hér á landi er í höndum Blindrafélagsins.

„Vottun Hjálparhunda Íslands snýst um að skapgerðarmeta hundana og gera úttekt á viðbrögðum þeirra í raunaðstæðum sem geta verið krefjandi fyrir þá,“ segir Gunnhildur. Aðstæðurnar geta verið margvíslegar, til dæmis er athugað hvernig hundurinn bregst við í mannþröng, í lyftu, á leið upp og niður stiga og þegar hann mætir öðrum hundum. Það er Albert Steingrímsson skapgerðarmatsdómari sem metur hundana fyrir hönd félagsins. „Vottunin snýst að miklu leyti um að tryggja velferð hundsins. Markmiðið er að skoða hvort umhverfið og áreitið valdi hundinum of miklu álagi.“



Auður Björnsdóttir hundabjálfari og Daisy.

Mynd: Finnur Birgisson

„Auk þeirra fjölbreyttu verkefna sem hjálparhundarnir sinna draga þeir í mörgum tilvikum úr kvíða og einmanaleika og eru ísbrjótur við aðra í samfélaginu,“ heldur Gunnhildur áfram. Hún bætir þó við að mikilvægt sé að hundarnir fái gott næði við sín störf. „Til dæmis má ekki klappa hjálparhundum að störfum. Félagið vinnur líka að því að upplýsa fólk um hvernig rétt er að haga sér í kringum hundana, sem er mjög mikilvægur þáttur í þessu.“

Breytt viðhorf til leiðsögu- og hjálparhunda
Standist hundarnir skapgerðarmatið fara þeir í verklegt próf þar sem hundurinn sýnir fram á færni sína í sértækum verkefnum fyrir þann einstakling sem hann mun styðja. Að ferlinu loknu fá hundarnir skilríki og vesti frá félaginu, sem veitir þeim aðgang að stöðum þar sem aðrir hundar eru ekki leyfðir. Auður segir markvissa vinnu félagsins hafa bætt viðhorfið gagnvart leiðsögu- og hjálparhundum í samfélaginu.

„Viðbrögð fólks við leiðsögu- og hjálparhundum eru að megninu til jákvæð,“ segir hún. „Hugarfarið hefur breyst mikið til batnaður og nú sjáum við dæmi þess að fyrirtæki og stofnanir leyfi hunda í auknum mæli. Það er okkar hundaeigenda að standa vörð um það með því að haga okkur vel, ganga vel um og sjá til þess að hundarnir séu undir stjórn.“

Allar nánari upplýsingar um starfsemi Hjálparhunda Íslands má finna á heimasíðu félagsins, www.hjalparhundar.is. Þar má meðal annars sjá tvö myndbönd sem framleidd voru með stuðningi ÖBÍ, annars vegar um hlutverk hjálparhunda og hins vegar um hvernig rétt er að koma fram við hjálparhunda að störfum.



Mobility.is

Hjálpartækjaleiga



Urriðaholtsstræti 24, 210 Garðabær
S: 578 3600

Öflugur stuðningur við fjölskyldur fatlaðra barna

Hjónin Áslaug María Jóhannsdóttir og Ágúst Bjarni Garðarsson eignuðust sinn annan son, Teit, í byrjun árs 2018. Teitur greindist með CP hreyfihömlun við eins árs aldur og er því háður ýmiss konar stuðningi í daglegu lífi. Ágúst Bjarni hefur fallega sögu að segja af þeim stuðningi sem fjölskyldan hefur fengið.

Fæddist fyrir tímenn

„Við eignuðumst yndislega drenginn okkar í febrúar 2018. Hann kom í heiminn á undan áætlan, var tekinn með bráðakeisara á 29. viku meðgöngunnar og var einungis sex merkur þegar hann fæddist,“ segir Ágúst Bjarni. Við tóku sex vikur inni á vökudeild Landspítalans þar sem Teitur var í öndunarvél til þess að styrkja í honum lungun.

„Á vökudeildinni vorum við umvafin yndislegu fólki. Það er ótrúlegt hversu vel er tekið utan um börnin og fjölskyldurnar sem þar dvelja, og manni skortir í raun orð til að lýsa starfsfólkinu. Við fáum seint fullþakkað þá aðstoð og umhyggju sem þau veittu drengnum okkar á þessum tíma.“

Þegar líða tók á fyrsta árið í lífi Teits fór Áslaug María að sjá merki þess að hreyfigeta hans væri að einhverju leyti takmörkuð. Upp úr því var hann greindur með CP hreyfihömlun, Cerebral Palsy, sem er algengasta tegund hreyfihömlunar meðal barna.

„Með CP fylgir seinkun í hreyfifroska. Teitur er með mikla vöðvaspennu í fótum, annað augað í honum rann til og þá átti hann erfitt með að taka inn fæðu og melta. Allt eru þetta vel þekkt einkenni meðal CP barna,“ segir Ágúst. Hann segir fjölskylduna hafa unnið vel með einkennin og nýtt sér alla þá þjónustu sem henni hefur staðið til boða.

Þjónustan er til fyrirmyndar

Ágúst Bjarni er óspar á hrósið þegar hann lýsir þjónustunni sem fjölskyldan hefur fengið og þeim sem að henni koma. Hann nefnir

meðal annarra taugalækna, bæklunarlækna og meltingarteymið á Landspítalanum, sérfræðinga hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og sjúkraþjálfara og stoðtækjasérfræðinga sem gert hafa spelkur og gifs til að létta á vöðvaspennunni. Þá hefur Teitur haft ómælda ánægju af sjúkra- og iðjuþjálfun hjá Æfingastöðinni, sem meðal annars fer fram í sundi og á hestbaki.

„Sem dæmi eru samskiptin við lækna og sérfræðinga Landspítalans algjörlega til fyrirmyndar. Þau hringja reglulega í okkur, jafnvel þó við höfum ekki leitað til þeirra sjálf, þannig að eftirfylgnin er mikil og góð. Þetta er okkar upplifun af þjónustunni, allt utanumhald í kringum drenginn okkar er mjög gott.“

Nýr veruleiki að eignast fatlað barn

Eina gagnrýnin sem Ágúst Bjarni setur fram snýst um það hvernig kerfið aðstoðar fólk við að ná áttum í nýjum aðstæðum.

„Eftir á að hyggja væri óskandi að kerfið gripi aðstandendur eilítið betur,“ segir Ágúst og hikar aðeins áður en hann heldur áfram. „Þetta er ákveðið áfall og fólk er sjaldnast undir það búið að takast á við þær margvíslegu áskoranir sem fylgja því að eignast fatlað barn. Því þarf að taka betur utan um fólk á fyrstu skrefum þess í þeim veruleika og veita því stuðning eftir þörfum, sálfræðiþjónustu og góðar leiðbeiningar í nýrri stöðu.“

Ágúst segir lykilatriði að hægt sé að nálgast allar upplýsingar um réttindi barnanna og foreldra þeirra og þá þjónustu sem í boði er á einum stað.



Feðgarnir Ágúst og Teitur á góðri stundu. Mynd: Ágúst Bjarni Garðarsson

„Við þurftum svolítið að finna upplýsingarnar sjálf og bera okkur eftir aðstoðinni. Við þurfum að færa okkur í þá átt að aðstandendur, skólar og aðrir geti leitað upplýsinga á einum stað, sem svo myndi vísa þeim áfram eftir þörfum. Það myndi auðvelda ferlið heilmikið og jafnframt skila sparnaði fyrir heilbrigðiskerfið,” segir Ágúst Bjarni. Hann bendir foreldrum í sömu stöðu á að hafa samband við CP félagið, en það hefur styrkt sig mikið í opinberri umræðu undanfarin ár.

Frábær leikskóli í Hafnarfirði

Teitur er nú orðinn fimm ára og er á leikskólanum Víðivöllum í Hafnarfirði, sem er sérhæfður í að taka við fötluðum börnum. Þar fær hann þroskaþjálfun á hverjum degi og er þar að auki með stuðning á deildinni sinni.

„Hann hefur fengið mjög góða þjónustu á Víðivöllum. Öll samskipti eru til fyrirmyndar og við höfum notið góðrar aðstoðar leikskólans og félagsráðgjafa hjá Hafnarfjarðarbæ,” segir Ágúst Bjarni. Reglulega eru haldnir teymisfundir þar sem kallaðir eru til allir þeir sem koma að umönnun Teits. „Það er ekki laust við að maður verði svolítið meyr þegar maður sér allt þetta fólk, 10-15 manns, sem leggur sig fram alla daga við að bæta líf sonar okkar. Það er alls ekki sjálfgefið.”

Þá nefnir Ágúst að fjölskyldan hafi lítið sem ekkert þurft að gera til að fá þau hjálpartæki sem Teitur notar. Hann er með göngugrind, bæði heima og í leikskólanum, sérstakt hjól og stand sem hann getur stutt sig við. Í augnablikinu bíður hann eftir því að fá hjólastól.

Takk fyrir stuðninginn!

Gjögur hf
Gleipnir verktakar
Gróðrarstöðin Sólskógar
Gróðurstöðin í Moshlíð
Grýtubakkahreppur
H&S Rafverktakar
Hafnarfjarðarhöfn
Hagi ehf - Hilti
Hagkaup
Hallbertsson
Hamraborg ehf
Heildverslunin Glit
Hestvit
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hofssókn
Hótel Leifur Eiríksson
Hótel Örk
Hrafnista DAS
Hreinsitækni
Hvalfjarðarsveit
Hvalur hf
Hvamshólar
Hveragerðiskirkja
Innigarðar
Ís-spor
Íþróttafélag fatlaðra, Reykjavík
Kaffihúsið Húsið Ísafirði
Kanon arkitektar
Kjöreign ehf - Fasteignasala
Kjörís
Klausturkaffi
KOM ráðgjöf
Krókur
KP verktakar
Kvenfélag Reykdæla
Kökugerð HP
Landmótun
Landsnet
Langaholt, Snæfellsnesi
Langanesbyggð
Mika Restaurant Reykholti
Myllan vélaverktakar
Nesraf
Nonni litli
Nýi ökuskólinn
ÓJ&K - ÍSAM
Orkubú Vestfjarða
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar

„Við sem þjóðfélag eigum að reyna eftir fremsta megni að tryggja öllum í okkar góða samfélagi jafnt aðgengi og jöfn tækifæri til að taka þátt í þjóðfélaginu.“



Teitur á bókasafninu.

Mynd: Ágúst Bjarni Garðarsson

„Honum finnst gaman að leika og það háir honum dálítið að hann á erfitt með að fylgja hinum krökkunum eftir. Hjólastóllinn mun bæta öll hans lífsgæði til mikilla muna.“

Megum ekki gefa afslátt af aðgengi

Ágúst Bjarni er í þeirri stöðu að geta haft áhrif á málefni fatlaðs fólks. Hann hefur setið á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn síðan 2021 og er fulltrúi Innviðaráðuneytisins í stjórn Römpum upp Ísland. Ráðuneytið hefur stutt verkefnið með afgerandi hætti.

„Ég verð að viðurkenna að áður en ég eignaðist Teit minn var ég ekkert mjög meðvit-
aður um málefni fatlaðs fólks. Nú er ég það hins vegar algjörlega ósjálfrátt og oft hristir maður höfuðið yfir því að fólk skuli ekki skynja hlutina á sama hátt,“ segir Ágúst Bjarni. Hann segir Römpum upp Ísland hafa gjörbreytt lífi fjölda fólks.

„Verkefnið hefur kveikt umræðu um aðgengismál á Íslandi og stuðlað að vitundarvakningu hjá fólki um að við þurfum að gera betur. Við munum öll njóta góðs af því um ókomna tíð. Við megum aldrei gefa afslátt af aðgengismálum, hvort sem er í byggingarreglugerðum eða með öðrum hætti. Við sem þjóðfélag eigum að reyna eftir fremsta megni að tryggja öllum í okkar góða samfélagi jafnt aðgengi og jöfn tækifæri til að taka þátt í þjóðfélaginu.“



Starfsfólk Pant þakkar öllum sem að akstursþjónustunni koma fyrir frábært samstarf á liðnu ári.

Við minnum á **pant.is** sem er vefur akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi.

Þar er að finna allar helstu upplýsingar um akstursþjónustuna og hægt að panta stakar eða reglulegar ferðir.



Einungis 4% fatlaðra barna virk innan íþróttahreyfingarinnar

Átakið Allir með miðar að aukinni þátttöku fatlaðs fólks í íþróttum, en hún er vægast sagt takmörkuð eins og staðan er í dag. Tölfræðin gefur til kynna að einungis um 4% fatlaðra barna séu skráð í félög innan íþróttahreyfingarinnar.



Valdimar Smári Gunnarsson fer fyrir vinnunni við að skapa fötluðu fólki fleiri tækifæri til íþróttaiðkunar.

Mynd: UMFÍ

Farsælt samfélag fyrir okkur öll

Verkefnið kallast Allir með – Farsælt samfélag fyrir alla – Brúum bilið. Því var hleypt af stokkunum í kjölfarið á fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem kveður á um að allir eigi jafnan rétt til þátttöku í samfélaginu.

„Ég held að fólk hafi fengið svolítið sjokk þegar þátttaka fatlaðs fólks í íþróttastarfi var skoðuð. Áætlaður fjöldi fatlaðra barna yngri en 17 ára er um 3.000, en skráðir iðkendur innan íþróttahreyfingarinnar eru einungis 155, eða um 4%,“ segir Valdimar Smári Gunnarsson, verkefnisstjóri Allir með.

„Það eru séríþróttafélög fyrir fatlað fólk víðs vegar um land en þar er mestmegnis um að ræða eldri iðkendur,“ segir Valdimar. „Eins og þetta horfir við okkur ættu fötluð börn að eiga kost á því að byrja í íþróttum á sama aldri og ófötluð börn, en það krefst þess að íþróttafélögin geri ákveðnar ráðstafanir til að geta tekið vel á móti þeim.“

Fleiri valkostir fyrir fatlað fólk

Markmið Allir með er að finna nýjar leiðir til þess að gera íþróttafélögum kleift að bjóða fötluðu fólki fjölbreyttari valkosti. Verkefnið er fjármagnað til þriggja ára af heilbrigðisráðuneytinu, mennta- og barnamálaráðuneyti og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

„Allir með verður unnið í nánu samstarfi við sveitarfélög og íþróttafélög um land allt. Við höfum nú þegar hafið viðræður við fimm sveitarfélög, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, og stefnum á að strax í haust muni framboðið þar aukast,“ segir Valdimar.

Hann segist finna fyrir mikilli velvild og vilja til að ryðja úr vega þeim hindrunum sem hamlar þátttöku fatlaðs fólks í íþróttastarfi. Nú þegar séu komin af stað áhugaverð verkefni, eins og til dæmis körfubolti hjá Haukum, fótboltastarf hjá Öspinni og fimleikar í Gerplu. Að sögn Valdimars er það í raun tvennt sem íþróttafélögin setja fyrir sig, annars vegar takmörkuð þekking á þjálfun fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna, og hins vegar fjármögnunin. Fleiri þurfi að koma að æfingunum og því séu þær kostnaðarsamari fyrir íþróttafélögin.

„Hið fyrra má leysa með fræðslu og kynningu á þeim frábæru verkefnum sem nú þegar eru hafin, en eitt af okkar helstu viðfangsefnum verður að finna fjármagn sem íþróttafélögin geta leitað í. Þá höfum við rætt við framhaldsskóla í sveitarfélögunum um að nemendur á íþrótt- og afreksbrautum geti komið að þessu starfi og fái námseiningar fyrir. Það væri mjög áhugaverð lausn, og allir þeir skólar sem við höfum rætt við eru tilbúnir í slíkt samstarf.“



Kópavogsbær



Mosfellsbær



GARÐABÆR



ÖLFUS



Múlabing



Hafnarfjörður



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



FJARÐABYGGÐ



Skagafjörður



Kaupfélag Skagfirðinga

BENECTA®

UMFÍ



MEITILL
GTTÆKNI

LA
LAUNAFLL



ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS

TAXI
HREYFILL
5 88 55 22



Ómissandi norrænt samstarf í fötlunar- fræðum

Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands, er mörgum kunn fyrir rannsóknir sínar og viðamikil framlag til réttindabaráttu fatlaðs fólks og annarra jaðarsettra hópa í samfélaginu. Hún segir norrænt samstarf hafa átt lykilkátt í því að efla rannsóknir í fötlunarfræðum hér á landi.



Mynd: Aðsend

Frumkvöðull í fræðasamfélaginu

Rannveig átti á sínum tíma frumkvæðið að því að Háskóli Íslands hóf að sinna rannsóknum í fötlunarfræðum. Hún hefur verið viðriðin rannsóknir og mannréttindabaráttu fatlaðs fólks og annarra minnihlutahópa í um hálfu öld. Rannveig er nú prófessor emerita við HÍ og forstöðumaður Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum.

„Þegar maður lítur til baka, þá sér maður hversu mikið hefur áunnist,“ segir Rannveig. „Fyrir 50 árum voru altækar stofnanir nánast eina úrræðið sem fötluðu fólki stóð til boða. Öll sú samfélagsþjónusta, persónulega aðstoð og stuðningsþjónusta sem er í boði í dag er mikil framför, sem og áherslurnar á sjálfstæða búsetu í eigin íbúð. Allt hefur þetta breyst mjög mikið.“

Rannveig segir að þrátt fyrir að mjög margt hafi áunnist á þessum tíma eimi enn eftir af þeim fornfálega hugsunarhætti sem hefur verið ráðandi í málefnum fatlaðs fólks.

„Það eru enn milljónir fatlaðs fólks í heiminum sem búa á stofnunum og þjónustukerfið er að hluta stofnanlegt, ekki bara erlendis heldur líka hér á landi. Þó að margir búi við mun betri aðstæður en áður, þá á það ekki við um alla.“

Hún nefnir sjálfstæða búsetu og NPA sem dæmi um þjónustu sem þurfi að efla enn frekar. Þar skorti fjármagn frá ríkinu til þess að sveitarfélögin geti staðið undir skuldbindingum sínum gagnvart fötluðu fólki.

„Fatlað fólk bíður í löngum röðum af því að ríkisvaldið fjármagnar þetta ekki nægilega vel. Stærri sveitarfélögin sem hafa burði til að tryggja fólki sjálfstæða búsetu, þau fá ekki nægilegt fjármagn, og það vekur áhyggjur að minni sveitarfélögin skortir bæði fjárhagslega og faglega burði til að annast þá þjónustu sem íslensk stjórnvöld skuldbundu sig til að veita þegar þau fullgiltu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“



Eðlisbreyting á fötlunarránsóknum

Stofnað var til norræna fræðasamstarfsins í fötlunarfræðum í Danmörku árið 1997. Samstarfið kallast Nordic Network on Disability Research, NNDR, og fór ráðstefna þess fram í Reykjavík í maí síðastliðnum. Ráðstefnan var vel sótt, um 700 gestir tóku þátt í þeim 122 málstofum sem voru á dagskránni í ár. Rannveig lýsir NNDR sem samtökum fræðafólks sem beita félagslegri nálgun í rannsóknum á málefnum fatlaðs fólks.

„Rannsóknir okkar snúast um að rýna í það samfélagslega umhverfi og menningu sem snýr að fötluðu fólki og þær hindranir sem það mætir, hvort sem er í formi fordóma eða hindrana í umhverfinu. Manngerðar hindranir eru oftast nær aðalvandamál fatlaðs fólks, mun frekar en sú skerðing sem það býr við,“ segir Rannveig.

Takk fyrir stuðninginn!

Pixel
Rafport
Rafsetning
Raftákn - Verkfræðistofa
Rakarastofan Herramenn
Reykholahreppur
S. Guðmundsson múrverktaki
Samgönguminjasafnið Ystafelli
Samiðn - samband iðnfélaga
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja
Seltjarnarnesbær
Siglufjarðarkirkja
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Sjúkrahúsið á Akureyri
Sjúkraþjálfarinn
Skaftárhreppur
Smith og Norland
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness
Stálkrókur
Stansverk
Súðavíkurhreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður
T.ark - Arkitektar
Tengi
THG arkitektar
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein
Tréverk
Tröllalagnir
Tærgesen - veitinga og gistihús
Útfarabjónusta Rúnars Geirmundssonar
Úthafsskip
Úti og inni
Verkfræðistofa Guðjóns Þ. Sigfússonar
Verkfærasalan
Verkmenntaskóli Austurlands
Verkval
Verslunin Álfheimar
Vesturbyggð
Vilko
Vinnslustöðin
Vopnafjarðarhreppur
Þingeyjarsveit
Þingvað - byggingaverktakar
Þjóðkirkjan - Biskupsstofa
Þorlákshafnarhöfn
Þörungaverksmiðjan
Öryggisgirðingar

„Ávinningurinn af samstarfinu er verulegur. Fötlunarfræðin hefðu ekki vaxið eins og raun ber vitni ef ekki hefði verið fyrir norrænt samstarf.“

Hún bætir við að samstarfið hafi verið afskaplega mikilvægt því fræðafólki sem nálgast fötlunarrannsóknir út frá nútíma-sjónarmiðum um málefni og mannréttindi fatlaðs fólks.

„Þegar NNDR samtökin voru stofnuð voru mjög fáir fræðimenn sem sinntu rannsóknum á sviði fötlunar með þessum hætti og frá þessu sjónarhorni. Það er ekkert nýtt að rannsaka fatlað fólk, en fram að því hafði það að mestu verið rannsakað út frá læknisfræðilegum sjónarmiðum sem afbrigðileg frávik á grundvelli þeirra skerðinga sem það býr við.“

Engar íslenskar fötlunarrannsóknir án norræns samstarfs

Samstarfsverkefni hafa verið margvísleg. Norrænir fræðimenn hafa meðal annars unnið saman að rannsóknum sem snúa að fötlunum börnum, menntun, húsnæðismálum, sjálfstæðu lífi, fjölskyldum og atvinnumálum. Doktorsnám í faginu hefur verið eftt til muna á Norðurlöndum, og í maí síðastliðnum var boðið upp á norræn doktorsnámskeið í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands í tengslum við ráðstefnu NNDR. Ráðstefnan, sem haldin er annað hvert ár, er mikilvægur vettvangur fyrir fræðimenn innan fötlunarfræðinnar.

„Ávinningurinn af samstarfinu er verulegur. Fötlunarfræðin hefðu ekki vaxið eins og raun ber vitni ef ekki hefði verið fyrir norrænt samstarf. Það hefði til dæmis verið mjög erfitt ef ekki ómögulegt að stofna til fötlunarrannsókna hér á landi ef samstarfsins hefði ekki notið við.“

Áherslurnar á mannréttindi fatlaðs fólks hafa aukist til mikilla muna frá því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var samþykktur árið 2006. Rannveig er einn helsti sérfræðingur Norðurlanda í málefnum samningsins og hefur haldið fjölda fyrirlestra um þýðingu hans og innleiðingu á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.

„Ég hef verið virk í alþjóðasamstarfi um þær nýju áherslur sem samningurinn felur í sér, meðal annars í samvinnu við norræna fræðimenn. Við erum nú að þróa sérstakt fræðasvið sem heitir á ensku Disability Human Rights, sem snýr að því að efla rannsóknir og fræðastarf um félagslegt réttlæti og mannréttindi fatlaðs fólks,“ segir Rannveig.

Öflugt samstarf við samtök fatlaðs fólks

Strax í upphafi setti NNDR sér markmið um að efla samstarfið við fatlað fólk á Norðurlöndum. Rannveig segir víðtækt og gott samstarf fræðasamfélagsins og samtaka fatlaðs fólks hér á landi algjört lykilatriði.

„Við í fötlunarfræðinni höfum lagt okkur fram um að vera hinn fræðilegi armur baráttunnar fyrir mannréttindum fatlaðs fólks á Íslandi,“ segir Rannveig. Hún nefnir þar meðal annars samstarf varðandi umsagnir um lög og reglugerðir um málefni fatlaðs fólks. „Við höfum lagt til rök, upplýsingar og stuðning og höfum verið virk í þessari baráttu. Samstarfið við fatlað fólk og samtök þess er ákaflega mikilvægt. Það veitir okkur jarðsamband og gerir það að verkum að við höfum tengingu við líf fatlaðs fólks og þá baráttu sem er í gangi hverju sinni.“



Af hverju að flækja málin?

Heimahleðsla ON í áskrift - betra fyrir alla!

Með Heimahleðslu ON í áskrift greiðir þú lága upphæð mánaðarlega og hleður rafbílinn þinn áhyggjulaus. Kynntu þér Heimahleðslu ON og leyfðu okkur að leysa úr flækjunni.

Nánari upplýsingar á on.is/heimahleðsla

on
Orka náttúrunnar



Sigrún María Óskarsdóttir vígði fimmhundraðasta rampinn 20. maí 2023.

Mynd: Daníel Starrason

Römpum upp Ísland: Yfir 800 rampar hafa verið settir upp

Römpum upp Ísland heldur áfram hraðferð sinni um landið og hefur nú gert rúmlega 800 rampa sem veita hreyfihömluðu fólki aðgengi að þjónustu, verslunum og veitingastöðum víða um land. Fimmhundraðasti rampurinn var vígður á Akureyri í maí og rampur númer 800 var vígður í Fjarðabyggð í lok ágúst. Þá hefur borg borganna, París í Frakklandi, sýnt verkefninu áhuga.

Fleiri rampar á landsbyggðinni

Síðast þegar við fjölluðum um Römpum upp Ísland, í lok síðasta árs, var nýbúið að vígja þrjúhundraðasta rampinn í Mjóddinni í Breiðholti og hækka metnaðarfullt markmið verkefnisins úr þúsund í 1.500 rampa á fjórum árum. Síðan þá hefur römpunum fjölgað verulega, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

„Við byrjuðum árið í Garðabæ og fórum svo norður þar sem við settum upp rampa á Akureyri og Húsavík. Þaðan lá leiðin til Árskógssands, Hríseyjar, Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og svo áfram til Hofsóss, Sauðárkróks, Skagastrandar, Blönduóss og Hvammstanga. Það má því segja að við séum búin með alla línuna að norðan og norðaustan til Reykjavíkur,” segir Þorleifur Gunnlaugsson, formaður stjórnar Römpum upp Íslands. Hann stýrir jafnframt öllum framkvæmdum á vegum verkefnisins.



Mynd: Daníel Starrason

„Ef allt gengur vel ættum við að ná í hátt í þúsund rampa fyrir lok þessa árs.“

Góðar móttökur fyrir norðan

Fyrsti rampurinn á Norðurlandi var vígður við Heimabakarí á Húsavík í byrjun maí og síðar í sama mánuði var fimmhundraðasti rampurinn tekinn í gagnið við skemmtistaðinn Vamos við Ráðhústorg á Akureyri. Bæjarfulltrúarnir Hulda Elma Eysteinsdóttir og Hlynur Jóhannsson héldu stutta tölu við vígslu rampsins. Þau vöktu máls á mikilvægi þess að tryggja fötludu fólki aðstæður til að taka virkan þátt í samfélaginu, ekki síst í félags- og skemmtanalífi.

„Maður hefur heyrt sögur af því hvernig fólk í blóma lífsins einangrast félagslega af því að það á þess ekki kost að heimsækja kaffihús eða skemmtistaði þar sem það getur blandað geði við annað fólk,“ sagði Hlynur Jóhannsson í ávarpi sínu á Ráðhústorgi. „Rampur við skemmtistað endurspeglar því ágætlega hversu mikilvægt það er fyrir fólk í hjólastól að komast allra sinna leiða, geta sinnt erindum hjá opinberum stofnunum, farið í fatabúðir, komist í matarbúðir, já eða sest inn á kaffihús til að ræða lífið og tilveruna í hópi kunningja og vina.“

Sem dæmi um hversu hratt hlutirnir ganga fyrir sig voru gerðir sex rampar við Ráðhústorg á Akureyri strax fyrsta daginn sem vinnuhópur verkefnisins dvaldi í bænum.

„Við fengum frábærar móttökur á Akureyri. Við vorum þar í heilan mánuð og bærinn sá okkur fyrir húsnæði og fæði og veitti okkur mikla aðstoð. Það var yndislegt að mínir menn skyldu fá svona gott atlæti og þar að auki vorum við mjög heppin með veður. Besta veðrið var þar,“ segir Þorleifur og hljómar í örstutta stund eins og sannur Akureyringur.

Austfirðir komnir á kortið

Í byrjun sumars var hópurinn að mestu að störfum í Reykjavík og Kópavogi, með viðkomu í Stykkishólmi. Í ágúst var stefnan tekin á Austfirði, nánar tiltekið Múlalþing og Fjarðabyggð, þar sem settir voru upp um 50 rampar til viðbótar. Rampur númer átta hundruð var vígður við hátíðlega athöfn í Fjarðabyggð í lok ágúst með ávörpum frá Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni, fjármálaráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, innviðaráðherra

og Margréti Lilju Aðalsteinsdóttur, formanni Sjálfsbjargar. Starfsmenn Römpum upp Ísland eru sjö, að Þorleifi frátöldum.

„Í heildina erum við átta sem sinnum verkefninu dags daglega, þar með talið hönnuðir rampanna. Þeir hafa líka unnið við hellugerðina og vita því nákvæmlega að hverju þarf að huga,“ segir Þorleifur. Römpum upp Ísland stefnir hraðbyri í þúsund rampa, sem var upphaflegt markmið verkefnisins. „Við reiknum með því að geta klárað verkið á þremur árum í stað fjögurra. Ef allt gengur vel ættum við að ná í hátt í þúsund rampa fyrir lok þessa árs.“

Útflutningur á aðgengi?

Verkefnið hefur vakið mikla athygli, ekki bara á Íslandi heldur einnig utan landsteinanna. Fyrir nokkru átti Haraldur Þorleifsson upphafsmaður og helsti hvatamaður verkefnisins fund með Anne Hidalgo borgarstjóra Parísar og aðstoðarborgarstjóranum Lamia El Araaje. Fundurinn var haldinn að frumkvæði Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra Reykjavíkur.

„Viku síðar fór Haraldur til Parísar þar sem aðstoðarborgarstjórinn og embættismenn hennar sýndu honum borgina og fóru yfir stöðuna á aðgengismálunum,“ segir Þorleifur.



Hugmyndin er að rampa borgina upp í aðdraganda Ólympíuleikanna sem haldnir verða í París næsta sumar og Ólympíuleika fatlaðra sem hefjast 28. ágúst 2024. Þá hafa komið til tals sambærileg verkefni í Stokkhólmi og Lviv í Úkraínu. „Þetta er allt komið í góðan farveg en hins vegar er ekkert fast í hendi enn sem komið er.“

Vert er að vekja athygli á því að enn er hægt að sækja um stuðning til framkvæmda sem stuðla að bættu aðgengi á heimasíðu Römpum upp Ísland, www.rampur.is. Þar má einnig sjá kort yfir þá staði á landinu sem hafa verið rampaðir upp fram að þessu.



Þorleifur Gunnlaugsson og Hulda Elma Eysteinsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri.

Myndir: Daníel Starrason



Sjálfsbjörg

Við þökkum stuðninginn!



BYGG



Alþýðusamband Íslands



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafafyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Orkan opnar fyrstu aðgengilegu bensínstöðina á landinu

Fyrsta aðgengilega bensínstöðin er í Suðurfelli í Breiðholti. Þar hefur Orkan, í samstarfi við Römpum upp Ísland og Sjálfsbjörg, rampað upp eldsneytisdælur, gert greiðsluvélar aðgengilegar og aðlagð aðkomu að verslun og húsnæðið allt að þörfum hreyfihamlaðs fólks.



Fulltrúar frá Orkunni, Römpum upp Ísland, Sjálfsbjörg, ÖBÍ, Hverfisstjórn Breiðholts, Innviðaráðuneyti, Mennta- og barnamálaráðuneyti og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru viðstaddir opnunina.

Mynd: Orkan

Samstarfið um breytingarnar hófst að frumkvæði Römpum upp Ísland, en ramparnir á vegum verkefnisins eru nú orðnir fleiri en átta hundruð. Eftir mat á aðstæðum á afgreiðslustöðvum Orkunnar var ákveðið að ráðast fyrst í framkvæmdir í Suðurfelli og þá voru gerðar áætlanir um bætt aðgengi að verslunum við stöðvar fyrirtækisins um land allt. Stöðin í Suðurfelli varð fyrir valinu vegna staðsetningarinnar miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, umferðar á stöðinni og hentugra aðstæðna að öðru leyti.

„Suðurfell liggur einstaklega vel við þar sem planið hentar vel fyrir umferðina við stöðina og aðgengi er gott að verslunum. Þá er boðið upp á aðra þjónustu á staðnum, bæði veitingaþjónustu og apótek með bílalúgum. Dælurnar þrjár voru rampaðar upp með því að hækka stéttina í kringum þær og greiðsluvélar voru lækkaðar þannig að nú er hægt að nota þær úr sitjandi stöðu. Við stækkuðum einnig bílastæðin og bættum allt aðgengi, bæði innanhúss og utan,“ segir Auður Daníelsdóttir, forstjóri Orkunnar.

Ný og endurbætt stöð í Suðurfelli var tekin formlega í notkun í janúar þegar Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, formaður Sjálfsbjargar, og Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ, komu og tóku eldsneyti.

„Það hafa verið bensínstöðvar á Íslandi í meira en heila öld þannig að Orkan á mikið

hrós skilið fyrir að gera stöðina í Suðurfelli aðgengilega hreyfihömluðu fólki. Verkefnið sýnir líka mjög skýrt þau jákvæðu áhrif sem Römpum upp Ísland hefur haft á viðhorf fyrirtækja og einstaklinga til aðgengismála. Við fögnum því af öllu hjarta,“ segir Margrét.

„Markmið okkar hjá Orkunni er að einfalda líf viðskiptavina og þetta er liður í því. Við höfum unnið markvisst að því að gera þjónustuna okkar aðgengilega til þess að gera öllum okkar viðskiptavinum jafn hátt undir höfði. Við erum mjög stolt af því að taka þátt í þessari vegferð,“ segir Auður.

Orkan, sem er með 72 sjálfsafgreiðslustöðvar um land allt, ætlar ekki að láta staðar numið hér. Orkan og Römpum upp Ísland hafa nú þegar rampað upp verslanir við Orkustöðvarnar á Stokkseyri og við Kleppsveg og svipaðar breytingar eru fyrirhugaðar á Bústaðavegi, Reykjavíkurvegi, við Miklubraut, Hraunbæ og Suðurströnd. Þá mun Orkan tryggja gott aðgengi að öllum hraðhleðslustöðvum fyrirtækisins.

„Við höfum myndað dýrmætt samband við Römpum upp Ísland og Sjálfsbjörg og getum því nýtt okkur sérþekkingu þeirra í verkefnum framtíðarinnar. Orkan ætlar að taka virkan þátt í orkuskiptunum og þá er frábært að eiga góða samstarfsaðila sem geta veitt okkur ráðgjöf um aðgengi fyrir alla,“ segir Auður Daníelsdóttir.



RÖMPUM UPP SUÐURFELL

Orkustöðin í Suðurfelli hefur verið römpuð upp og býður nú viðskiptavinum **lægsta verðið** í Reykjavík á dælunum.

Orkan í Suðurfelli er fyrsta aðgengilega bensínstöðin fyrir hreyfihamlaða en þrjár dælur voru rampaðar upp með þeim hætti að stéttin er hækkuð í kringum dælurnar og greiðsluvélar gerðar aðgengilegri.

LÆGSTA VERÐIÐ Í REYKJAVÍK ER Í SUÐURFELLI

RÖMPUM
UPP
ÍSLAND




Sjálfsbjörg
lands samband
hreyfihamaðra



Sjálfsbjörg

landssamband
hreyfihamlaðra

Sjálfsbjörg

landssamband hreyfihamlaðra

Skrifstofa Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra, er á fyrstu hæð Sjálfsbjargarhússins að Hátúni 12.

Opnunartími skrifstofu er frá 9:00-15:00 alla virka daga.

Sími á skrifstofu: 550 0360
info@sjalfsbjorg.is
www.sjalfsbjorg.is

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Þekkingarmiðstöðin miðlar gagnýtum upplýsingum sem gagnast hreyfihömluðu fólki um land allt. Hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um réttindi og þjónustu við hreyfihamlað fólk á heimasíðu Sjálfsbjargar, www.sjalfsbjorg.is.

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar er opin alla virka daga frá 9:00-15:00. thekking@sjalfsbjorg.is

Kjarkur endurhæfing

Kjarkur endurhæfing veitir þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða.

Kjarkur endurhæfing hefur starfað í 50 ár undir nafninu Sjálfsbjargarheimilið. Nafninu var breytt fyrr á þessu ári með það að markmiði að endurspeglar starfsemi betur.

Opnunartími skrifstofu er frá 9:00-12:00 og 13:00-15:00 alla virka daga

Sími á skrifstofu: 550 0300
endurhaefing@kjarkurendurhaefing.is
www.kjarkurendurhaefing.is

Þjónustumiðstöð Kjarks endurhæfingar

Endurhæfing - dagþjónusta: 550 0316
Endurhæfing - sólarhringsþjónusta: 550 0366
Vakt sími sólarhringsþjónustu: 665 4700
endurhaefing@kjarkurendurhaefing.is
www.kjarkurendurhaefing.is

Í Hátúni 12 eru einnig:

Stjá sjúkraþjálfun
Kírópraktorstofa Katrínar
Nálastungur Íslands
Fótaaðgerðastofa Ríkeyjar
Alvican hugbúnaðarfyrirtæki
Osteo Strong
Miðstöð slysavarna barna
Kiso
Berglind klæðskeri
105 Production
Húsameistarinn



Vandaðir innirampar fyrir þröskulda, tröppur og aðrar hindranir.


Ramparnir koma í stöðluðum einingum, 100 cm á breidd og 4-60 mm á hæð.

Iggis

Iggis ehf.
Álfabakka 12
110 Reykjavík

www.iggis.is
iggis@iggis.is
Sími: 857 1360

Aquasport
SUNÐVERSLUN



Við bjóðum upp á mikið úrval af sundlaugalyftum sem tryggja aðgengi fyrir alla í sund.

Aquasport – Bæjarlind 1-3 – www.aquasport.is – 564-0035

„Hlutverk Sjálfsbjargar er að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðs fólks á Íslandi og gæta réttinda og hagsmuna þess. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja aðgengi að mannvirkjum, umhverfi, menntun, atvinnu og upplýsingum.“